

LANDSLIÐSNEFND SSÍ

Hlutverk starfsnefnda SSÍ

Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum fulltrúa til starfa í nefndum á vegum SSÍ, frá kjörnefnd amk mánuði fyrir sundþing. Að auki skal stjórn SSÍ tilnefna formenn nefnda og sérstaka fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing. Starfsnefndir starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands og skal starfsmaður SSÍ eða einn stjórnarmaður yfirleitt taka sæti í hverri nefnd. Stjórn skipar einnig formenn nefnda og skulu starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á. Stjórn er heimilt að skipa nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt. Stjórn SSÍ ber ábyrgð á starfi fastanefnda og skal setja nefndunum erindisbréf.

Hlutverk Landsliðsnefndar

er faglegur öryggisventill fyrir stjórn SSÍ og upplýsingabrunnur sem stjórn SSÍ getur leitað til vegna málefna landsliða SSÍ. Nefndinni er ætlað að vinna mjög náið með Landsliðsþjálfara. Nefndin fylgist með vali Landsliðsþjálfara á sundfólki í landsliðsverkefni SSÍ og fer ásamt honum yfir forsendur þátttöku í verkefnum.

Nefndin skal sérstaklega gæta að hagsmunum sundfólks í vinnu sinni. Nefndin leggur sjálfsstætt mat á árangur landsliða í keppni og kemur því á framfæri við stjórn SSÍ. Þá sér nefndin um framkvæmd árlegrar þjálfararáðstefnu sem halda á í upphafi hvers árs.

Verkefni landsliðsnefndar eru:

- að vinna með Landsliðsþjálfara
- að fylgjast með vali í landsliðsverkefni
- að vera stuðningur við þjálfara sundfólks í hópum SSÍ
- að gæta að hagsmunum sundfólks varðandi verkefni og val í landslið
- að leggja mat á árangur landsliða
- að halda þjálfararáðstefnu árlega í upphafi árs

Nefndin skal koma saman að minnsta kosti einu sinni í mánuði, en að öðru leyti hittist nefndin eftir þörfum. Nefndin sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sína og í lok árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ.